

Nd.

Isl. Nefndarótt

um frv. til fjáráukalaga fyrir árið 1923.

Frá fjárveitinganefnd.

Á þinginu 1922 var felt af fjárlögum laun aðstoðarmanns húsameistara ríkisins. Þótti þá, eins og fjárveitinganefnd þykir enn, of miklu fje varið til þessa, þar sem erfiðleikar og dýrtíð ullu því, að lítið varð bygt. Miklu fremur er þó ástæða til þess nú að draga úr slíkum greiðslum, þar sem enn eru sömu eða svipaðir erfiðleikar, og þess utan búið að vinna mest af því, sem ríkið þarf að láta gera í þessum efnunum í svipinn. Þrátt fyrir þetta hefir húsameistara ríkisins verið greiddur skrifstofukostnaður, kr. 5780,11. Telur nefndin, að í upphæð þessari felist að meira eða minna leyti laun aðstoðarmanns, og telur hún þá greiðslu óviðeigandi. Og þótt hún álíti, að við svo búið verði að standa að þessu sinni, þá leggur hún áherslu á, að slíkt verði ekki framvegis greitt.

Í annan stað hefir upphæð verið greidd frá 1920, af því að fengist *muni* hafa ádráttur um það frá þáverandi dómsmálaráðherra og fjárveitinganefndir »ekki lögðu á mótí greiðslunni«.

Nefndin telur þetta einskisnýta heimild til að greiða fje úr ríkissjóði eftir. Þrátt fyrir þessa agnúa leggur nefndin til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 19. mars 1924.

Magnús Guðmundsson,
formaður.

Þórarinn Jónsson,
skrif. og framsm.

Jón Sigurðsson.

Tr. Þórhallsson.

Pjetur Ottesen.

Ing. Bjarnarson.

Þorleifur Jónsson.